

Sp.

726. Skýrsla

fulltrúa Íslands á 36. þingi Evrópuráðsins um fundi þess í maí, september og október 1984 og janúar 1985.

Efnisyfirlit:

1. Inngangur.
2. Fulltrúar Íslands.
3. Störf þingsins almennt.
4. Alþjóðamál og málefni sem tengjast þeim Evrópuríkjum sem ekki eiga aðild að Evrópuráðinu.
5. Efnahags-, þróunar- og orkumál.
6. Mannfjöldi og málefni flóttamanna.
7. Félagsmál.
8. Menningar- og menntamál.
9. Löggjafarmálefni.
10. Vísinda-, tækni- og umhverfismál.
11. Landbúnaðarmál.
12. Yfirlit um ákvarðanir þingsins.

1. Inngangur.

Í upphafi skal farið nokkrum orðum um Evrópuráðið og hlutverk þings þess.

Evrópuráðið er pólitísk stofnun sem framar öllu er þing sem fer með umboð þjóðþinga aðildarríkjanna annars vegar og ráðherranefndar sem fer með umboð ríkisstjórnanna hins vegar. Tengslum milli þessara tveggja umboðsaðila er haldið uppi af svokallaðri samvinnunefnd sem fulltrúar beggja eiga sæti í. Aðalframkvæmdastjórinn og starfslið hans þjónar þessum aðilum. Í skýrslu þessari verður fjallað um starfsemi Evrópuráðsins.

Þing Evrópuráðsins er ráðgefandi þing sem svipar til þjóðþinga að eðli til og hlýðir áþekktum þingsköpum en hefur ekki löggjafarvald. Þingið skipa 170 fulltrúar.

Gert er ráð fyrir reglulegu þinghaldi á hverju ári og er það haldið í þrennu lagi, að vori, hausti og vetri. Með þessu móti getur þingið fylgst betur en ella með gangi alþjóðamála. Þingið lætur hin margvíslegustu mál til sín taka, svo sem pólitísk, efnahagsleg, félagsleg og menningarleg, að undanskildum hermálum. Málin hafa áður verið undirbúin af þingnefndunum og eru afgreidd í formi tillagna til ráðherranefndar, ályktana, fyrirmæla og álitserða.

2. Fulltrúar Íslands.

Fulltrúar Íslands á 36. þinginu voru:

Þorvaldur Garðar Kristjánsson,

Ingvar Gíslason,

Garðar Sigurðsson.

Varafultrúar voru:

Kjartan Jóhannsson,

Halldór Blöndal.

Aðalfulltrúar og varafultrúar tóku þátt í störfum þingsins og skipuðu nefndir sem hér segir:

Þorvaldur Garðar Kristjánsson:
fastanefnd,
stjórnmálanefnd,
laganefnd (varamaður),
þingskapanefnd (varamaður).

Ingvar Gíslason:
samvinnunefnd,
vísinda- og tækninefnd,
menntamálanefnd,
sveitarstjórna- og skipulagsnefnd,
landbúnaðar- og sjávarútvegsnefnd (varamaður).

Garðar Sigurðsson:
efnahagsnefnd,
nefnd um farandverkafólk og flóttamenn (varamaður),
nefnd um samskipti við ríki utan Evrópuráðsins (varamaður),
upplýsinganefnd,
fjárhags- og áætlunarnefnd (varamaður).

Kjartan Jóhannsson:
heilbrigðis- og félagsmálanefnd,
landbúnaðar- og sjávarútvegsnefnd,
vísinda- og tækninefnd.

Halldór Blöndal:
þingskapanefnd,
fjárhags- og áætlunarnefnd,
fastanefnd (varamaður),
stjórnmálanefnd (varamaður).

Formaður íslensku þingfulltrúanna var Þorvaldur Garðar Kristjánsson og ritari á fyrsta fundi Friðjón Sigurðsson, fyrrv. skrifstofustjóri Alþingis, og á öðrum og þriðja fundi Friðrik Ólafsson, skrifstofustjóri Alþingis.

3. Störf þingsins almennt.

36. þing Evrópuráðsins var venju samkvæmt haldið í þrennu lagi, fyrsti hlutinn frá 7. maí til 11. maí 1984, annar hlutinn frá 26. sept. til 4. okt. 1984 og þriðji hlutinn frá 28. jan. til 1. febr. 1985. Þingfundir voru allir haldnir í aðalstöðvum Evrópuráðsins í Strassborg.

Gestur vorfundarins var Ramalho Eanes, forseti Portúgal. Hann ræddi m. a. um stöðu Evrópu í heiminum. Ekkert stórveldi kvað hann geta jafnast á við öll ríki Evrópu hvað þekkingu varðar og hefðu þau ríki miklu að miðla þróunarríkjunum í öðrum heimsálfum. Þó að starfsemi Evrópuráðsins væri ekki jafnþekkt og annarra stofnana væri góður andi í öllu samstarfi þess og tilgangurinn framar öllu sá að horfa til framtíðarinnar. Lissabon hefði orðið fyrir valinu sem þingstaður fyrir ráðstefnuna um hlutverk Evrópu í samskiptum iðnríkja og þróunarlanda og í því fælist viðurkenning á þeirri portúgölsku hefð að hafa samskipti við fjarlægjar álfur.

Vestur-þýski þingmaðurinn Karl Ahrens var endurkjörinn þingforseti. Þorvaldur Garðar Kristjánsson var endurkjörinn einn varaforseta þingsins.

Utanríkisráðherra Danmerkur, Uffe Elleman-Jensen, fylgdi hefðbundinni skýrslu ráðherranefndarinnar úr hlaði á vorkundi en utanríkisráðherra Frakklands, Roland Dumas, á haustfundi og utanríkisráðherra V-Þýskalands, Hans-Dietrich Genscher, á janúarfundi.

Af öðrum, sem ávörpuðu 36. þing Evrópuráðsins, má nefna Smit-Kroes, samgöngumálaráðherra Hollands, Arnadou-Mahtar M. Bow, framkvæmdastjóra UNESCO, Mats Hellström, utanríkisviðskiptaráðherra Svía og formann EFTA-ráðsins.

Gestur haustfundarins var forseti Írlands, dr. Patrick J. Hillary. Hann ræddi m. a. um hlutverk Evrópuráðsins sem hugmyndabanka til að leysa ýmiss konar vanda.

Haustið 1984 urðu framkvæmdastjóraskipti hjá Evrópuráðinu. Franz Karasek frá Austurríki lét af störfum og við tók Spánverjinn Marcelino Oreja Aquirre.

4. Alþjóðamál og málefni er tengjast þeim Evrópuríkjum sem ekki eiga aðild að Evrópuráðinu.

Fyrir 36. þinginu lá skýrsla austurríska þjóðarflokksþingmannsins Steiners sem hann lagði fram fyrir hönd stjórnmalanefndarinnar á vörfundum um ástandið í Tyrklandi. Þrátt fyrir takmarkaðan ræðutíma var málið rætt í tvo daga eða sjötta hluta af fundartíma vörfundar. Að lokum var samþykkt ályktun nr. 822, um ástandið í Tyrklandi, en fjöldi breytingartilagna með textabreytingum var felldur í atkvæðagreiðslu.

Steiner sagði í ræðu sinni að ágreiningur væri um það í þinginu hve miklar framfarir hefðu orðið í Tyrklandi í lýðræðisátt. Tvennt hefði einkum verið haft að leiðarljósi við að semja skýrslu og drög að ályktun, þ. e. virðing fyrir sáttmála Evrópuráðsins og hagsmunir tyrknesku þjóðarinnar. Sjálfri ályktuninni svipar í hvívetna til fyrri samþykktar þingsins um sama efni. Voru drögin samþykkt í stjórnmalanefndinni án mótakvæða en nokkrir sátu hjá.

Nefnd á vegum þingsins fór til Tyrklands til að kanna aðstæður þar og komst nefndin að þeirri niðurstöðu að það væri á valdi þjóðþings og ríkisstjórnar Tyrklands að bæta úr þeirri skerðingu á lýðræði og brotum á mannréttindum sem gagnrýnin hefði beinst að og var mælt til þess við sendinefnd þingmannanefndar Tyrklands að koma efni ályktunarinnar á framfæri til rétttra aðila. Þótt herlög hafi verið afnumin í 13 sýslum gilda þau enn á öðrum landsvæðum og enn viðgangast pyntingar í landinu.

Tyrkneskir þingmenn svöruðu gagnrýninni með samanburði við ástandið eins og það var áður en herinn tók völdin og menn voru drepnir unnvörpum. Þá nefndu þeir dæmi þess hve hratt miðaði í lýðræðisátt í landinu og töldu margt í málflutningi andstæðinga sinna vera gagnrýni sem samin væri í Sovétríkjunum og vitnuðu til mikillar kosningaþátttöku. Grískur þingmaður spurði hvers vegna Tyrklandi hefði ekki verið vikið úr Evrópuráðinu eins og Grikklandi þegar herföngjarnir tóku þar völdin. Steiner kvaðst telja flesta þingmenn vera meðmæltu drögunum að ályktun um málið og ítrekaði að í henni fælist ekki tvöfeldni í skilgreiningu á lýðræði og mannréttindum heldur jákvæð afstaða sem vonandi yrði ekki orðin tóm og þar sem Evrópuráðið fylgdist með þróun mála í Tyrklandi væri von til þess að fullu lýðræði yrði komið á. Drögin voru samþykkt með handauppréttingu en fjórar breytingartillögur komu fram.

Á janúarfundi var ályktun nr. 835, um ástandið í Suður-Ameríku, samþykkt með naumum meiri hluta, 62 á móti 56 og 11 sátu hjá. Tillaga nr. 991, um samskipti Evrópu og Suður-Ameríku á efnahagssviðinu, var einnig samþykkt. Í ályktuninni er meðal annars hvatt til að Evrópuríki veiti umsvifalaust hjálp í hungursneyð og sjái til þess að flóttamenn eigi víst pólitískt hæli.

Að venju voru málefni Kýpur til umræðu á þinginu og var samþykkt ályktun nr. 816, um ástandið á Kýpur.

Þó ekki kæmi til samþykktar af neinu lagi voru málefni Möltu rædd en enginn þingmaður þaðan var viðstaddur umræðurnar. Rædd voru mannréttindamál á Möltu, sem og lög um erlenda íhlutun, bæði á haustfundi og á janúarfundi en ákveðið að ganga ekki til almennrar atkvæðagreiðslu fyrr en á vörfundum 37. þingsins. Tvær skýrslur voru lagðar fram um ástand mála á Möltu og voru niðurstöður þeirra mjög mismunandi. Lögin um erlenda

íhlotun voru samþykkt á þjóðþingi Möltu eftir kosningar 1982 eftir þrjár umræður samkvæmt þingsköpum en stjórnarandstæðingar sátu ekki á þingi eftir kosningarnar svo að þeir tóku engan þátt í umræðum um lög. Samkvæmt lögunum er tjáningarfrelsi erlendra manna á Möltu skert. Erlendir menn þurfa að sækja um þátttöku í ýmiss konar starfsemi til þingsins að viðlögðum refsíákvæðum. 240 beiðnir hafa komið fram og veitt hafa verið leyfi fyrir þeim. Heinz Schwarz, þingmaður frá þýska kristilega demókrataflokknum, hafði framsögu um málið fyrir hönd laganefndar og taldi löggin ósamræmanleg 3. grein mannréttindasáttmálans er fjallar um tjáningarfrelsi sem engin landamæri setji skorður við. Ítalski jafnaðarmaðurinn Amadei féllst ekki á þá lögskýringu en taldi hins vegar að löggin beindust að því að banna útvarpsstöðvar sem útvarpa áróðri til Möltumanna. Í umræðum kom fram mismunur á málflutningi vinstri- og hægrisinnaðra þingmanna. Hinir fyrrnefndu vildu komast hjá meiri háttar ágreiningi en hinir síðarnefndu fordæmdu löggin sem brot á mannréttindaákvæðum og hörmuðu það að þingið skyldi ekki ná samstöðu um málið. Almenn var óánægja með það að tvær skýrslur skyldu koma fram um málið og var þeim vísað aftur í nefnd til frekari umræðu.

Miklar umræður urðu á haustfundi um stöðu mála í Suður-Ameríku. Tveir þingmenn sósíalístaflókka, Fourré frá Frakklandi og Martínez frá Spáni, höfðu lagt fram skýrslu um málið en Blenk, þingmaður kristilegra demókrata frá Austurríki, bar undir atkvæði þá ósk sína að skýrslan yrði dregin til baka vegna þess að hún gæfi ekki rétta mynd af stöðu mála. Var það samþykkt.

Samstarf Evrópuríkja í framtíðinni var rætt og samþykkt tillaga nr. 994, um framtíð samstarfs í Evrópu. Fyrir haustfundi þingsins lágu tvær skýrslur um slíka samvinnu og ein um þau áhrif sem stækkun Evrópubandalagsins hefði á landbúnað í Evrópu. Mælt var með auknu samstarfi milli Evrópuráðsins og Evrópubandalagsins, aukinni samvinnu milli þings Evrópuráðsins og Evrópuþingsins og fullyrt að þrátt fyrir ýmis vandkvæði léti Evrópubandalagið mjög til sín taka í þróun samstarfs í Evrópu. Hvatt var til þess að auka samvinnu á sviði vísindarannsókna en þótt jafnmargir stundi þau störf í Evrópu og í Japan og Bandaríkjunum samanlagt er árangur rannsókna mun minni í Evrópu. Lagt var til að vísindamönnum yrði auðveldað að flytja milli landa til þess að auka hugmyndaflæði og enn fremur var bent á að verja þyrfti fé til verkefna sem fjármögnuð eru sameiginlega af fleiri en einu Evrópuríki.

Ályktun nr. 833, um áhrif stækkunar bandalagsins á landbúnaðarmál var samþykkt. Hvatt til þess að ljúka samningum um þátttöku Spánar og Portúgals í Evrópubandalaginu en jafnframt hvatt til samvinnu milli allra lýðræðisríkja í Evrópu.

Ályktun nr. 836, um samskipti Evrópu og Norður-Ameríku, var samþykkt og rædd á janúarfundi. Tvær skýrslur voru lagðar fram. Var önnur frá stjórnmalanefndinni sem norski íhaldsþingmaðurinn, Harald Lied, hafði framsögu um og fjallaði einkum um varnir Vesturlanda og sameiginlega hagsmuni en ólíkar hugmyndir í Evrópu og Ameríku. Lagt var til að samskipti milli þjóðþinga í Evrópu og Norður-Ameríku yrðu bætt og aukin. Hollenski þingmaðurinn Govert van Tets frá frjálslýnda flokknum mælti fyrir skýrslu efnahagsmálanefndar þingsins. Nefndi hann í tölum upplýsingar sem dæmi um það hve markaðir í Bandaríkjunum og Evrópu væru hverjir öðrum háðir. Bandarískir þingmenn voru viðstaddir umræðurnar og tóku þátt í þeim og var rætt af hreinskilni um öll vandamál milli álfanna beggja vegna Atlantshafsins.

Ályktun nr. 828, um fólk sem látið er hverfa, var samþykkt og ályktun nr. 824, um Argentínnumenn sem flúðu land sitt en hafa snúið þangað aftur.

Tvær samþykktir voru gerðar um samskipti austurs og vesturs, tillaga nr. 988 og ályktun nr. 826.

5. Efnahags-, þróunar- og orkumál.

Utanríkisviðskiptaráðherra Svíþjóðar, Mats Hellström, talaði fyrir skýrslu um starfsemi EFTA-ráðsins en hann var formaður ráðherranefndar EFTA-ráðsins. Skýrði hann frá fundi í Luxemborg milli fulltrúa EFTA-ríkja og Evrópubandalagsins þar sem m. a. voru ræddar leiðir til að tryggja frjálsa viðskiptahætti. Minntist hann á viðskipti með sjávarútvegs- og landbúnaðarvörur en þótt slík viðskipti falli ekki undir fríverslun þá segir í sáttmála EFTA að ráðið stefni að því að auka alþjóðleg viðskipti með sjávarútvegsvörur. EFTA-ríki hefðu sum með sér tvíhliða samninga til að greiða fyrir fríverslun með fiskafurðir og nefndi hann sem dæmi nýgerðan samning milli Íslands og Sviss (1981) sem felur í sér ákvæði varðandi innflutning á fiski til Sviss. Efnahagsmálanefndin lagði fram ályktun nr. 821, um Fríverslunarsamtökin og störf þeirra frá því í júlí 1981 þangað til í desember 1983.

Ofangreindar umræður um Fríverslunarsamtökin fóru fram samkvæmt venju sem og umræður um stöðu mála hjá OECD. Voru fulltrúar nokkurra ríkja OECD, sem ekki eiga sæti í Evrópuráðinu, viðstaddir. Sir John Osborn, þingmaður breska íhaldsflokksins, mælti fyrir skýrslu um starfsemi OECD. Þá tók til máls framkvæmdastjóri OECD, Jean-Claude Paye, sem er nýtekinn við starfi framkvæmdastjóra af Emile van Lennep, bar fram þrjár tillögur til úrbóta fyrir ríki OECD. Hvert ríki leysi efnahagsvanda sinn án þess að gera það á kostnað annarra ríkja í alþjóðaviðskiptum. Hagvöxt ber að tryggja án þess að þær aðgerðir auki verðbólgu. Loks beri að styrkja þau ákvæði sem gilda í milliríkjaviðskiptum og efla tengsl við þróunarríki, einkum Afríkuríki fyrir sunnan Sahara. Samþykkt var ályktun nr. 837, um svar við skýrslu um störf OECD 1983, en veigamesta atriði hennar var að mikilvægasta markmið OECD-ríkjanna var talið vera að bæta aðstæður ungs fólks á vinnumarkaðnum.

Þá samþykkti þingið ályktun til ráðherranefndarinnar um samvinnufyrirtæki í Evrópu, einkum á sviði landbúnaðar, en efnahagsmálanefndin hafði gert könnun sem leiddi í ljós að 20% af íbúum Evrópubandalagslandanna eftir inngöngu Spánar og Portúgals eru í samvinnufélögum. Í tillögunni kemur m. a. fram að félögin gegna mikilvægu hlutverki til atvinnusköpunar en kanna beri lögum vel til þess að tryggja að ekki sé hægt að misnota þessa tegund fyrirtækja.

Þrjár breytingartillögur komu fram við tillöguna og voru þær allar samþykktar, þ. á m. breytingartillaga sem Ólafur Ragnar Grímsson hafði haft framsögu um í nokkrum nefndum þar sem aðildarríki EFTA eru hvött til að kanna leiðir til að fella niður gjöld á fiskafurðum í viðskiptum innan bandalagsins.

Tillaga nr. 992, um ráðstefnuna sem haldin var í Lissabon 9.—11. apríl 1984 og fjallaði um hlutverk Evrópu í samskiptum iðnríkja og þróunarlanda, var samþykkt. Umræður urðu um skýrslu sem efnahagsnefndin hafði staðið að og þeir Harry Aarts, kristilegur demókrati frá Hollandi, og Uwe Holtz, sósíaldemókrati frá V-Þýskalandi, en einnig bárust skýrslur og umsagnir um málið frá öðrum. Á þessari ráðstefnu hafði aðildarríkjum Evrópuráðsins í fyrsta sinn gefist tækifæri til að ræða hlutverk Evrópu í samskiptum við þróunarlöndin. Þingið sendi ráðherranefnd Evrópuráðsins tillögu um að yfirlýsingum ráðstefnunnar yrði komið í framkvæmd, aðildarríkin samhæfðu þróunaraðstoð sína og ykju marghliða þróunaraðstoð og styrktu herferð á vegum Evrópuráðsins í öllum aðildarríkjum þar sem bent yrði á það að iðnríkin og þróunarlöndin eru hvert öðru háð svo að mannkyn megi lifa. Tuttugu og þrjár ræðumenn tóku til máls við umræðu um málið á haustfundi. Framsögumenn sögðu að yfirlýsing Lissabonráðstefnunnar markaði til langs tíma þá braut sem sýna ætti þann tilgang sem ætti að felast í þróunaraðstoð þótt ljóst væri að ekki þyrfti byltingarkennt stóráttak heldur smáverkefni sem öll miða að framförum og eru innan þess ramma sem yfirlýsingin setur höfuðmarkmiði málefnsins. Þá er nauðsynlegt að virkja almenningsálitíð í

aðildarríkjunum til fylgis við markmið til langs tíma og framkvæmd þeirra. Lykilatriði í yfirlýsingunni er kaflinn um tækni og vísindi með tillögum um þróun á því sviði. Ræðumenn bentu á ýmsa agnúa á framkvæmd málsins, t. d. erfiðleika á því að þróunarhjálp nái þangað sem þörfin er brýnust, minnkandi hagvöxt í Evrópuríkjum, örðugleika innan Alþjóðdagjald-eyrissjóðsins á samningum milli skuldunauta og lánardrottna, erfiðleika við að styðja sjálfsbjargarviðleitni o. fl. Mikill stuðningur kom fram við ráðstefnuna og yfirlýsingu hennar og bar flestum saman um að þetta frumkvæði væri lofsamlegt og hlutverki Evrópuríkja í þróunarsamvinnu hefði verið gerð góð skil. Þá var aðstandendum ráðstefnunnar þakkað frumkvæðið, þ. á m. Ólafi Ragnari Grímssyni alþingismanni sem vann mikið starf við að afla hugmyndinni fylgi á vettvangi þingsins. Knut Frydenlund, þingmaður frá Noregi, lagði áherslu á það að þætti alþjóðastofnana í þróunarhjálp væru gerð verðug skil og málefnum þeirra komið á framfæri í yfirlýsingunni frá Lissabon. Nokkrir ræðumenn gerðu samanburð á yfirlýsingunni og Marshallaðstodinni. Tillaga nr. 992 var samþykkt nánast einróma með aðeins einu móttakvæði.

6. Mannfjöldi og málefni flóttamanna.

Ítalski kristilegi demókrataþingmaðurinn Franco Foschi lagði fram skýrslu fyrir hönd nefndar um farandverkafólk og flóttamenn og um ólöglega innflytjendur en þeir eru nokkrar milljónir í Evrópu sem hafa flutt norður á bóginn í von um betri lífskjör. Í tillögu þingsins til ráðherranefndarinnar var lagt til að mikil viðurlög verði við brotum á lögum um atvinnuleysi en jafnframt að ólöglegir innflytjendur njóti fullra mannréttinda í dvalarlöndum. Samþykkt var tillaga um ólöglega landflutninga í Evrópu, nr. 990. Samþykkt var tillaga nr. 984, um að veita flóttamönnum ríkisborgararétt í því landi sem þeir flýja til.

7. Félagsmál.

Tillaga nr. 980 var gerð um málefni 3. ráðstefnu atvinnumálaráðherra Evrópu og skipulagningu ráðstefnunnar, en sú ráðstefna var eitt af mörgu sem skipulagt var á vegum þings Evrópuráðsins til að ræða atvinnuleysi í Evrópu. Margir ræðumenn komu inn á þetta mál í umræðum um efnahagsmál og fleira og tölur voru nefndar og tillögur gerðar til úrbóta. Jafnvel var þetta málefni rætt innan ramma mannréttindaumræðu sem réttindi manna til atvinnu. Rætt var um lækkun eftirlaunaaldurs, styttingu vinnuviku, sérstakt átak til að skapa vinnu fyrir unga fólkið. Sumir þingmenn töldu atvinnumál vera mjög örðug viðfangsefni fyrir stjórnvöld, þeim væri þröngur stakkur skorinn þar sem ekki væri hægt að skipa fólki að kaupa vöru sem það vill ekki eða fær ódýrari annars staðar. Aðrir töldu samvinnu stjórnvalda og einkageirans vera lausnina. Í tillögu þingsins til ráðherranefndarinnar um atvinnumál í Evrópu, nr. 981, var hvatt til rannsókna á áhrifum atvinnuleysis á heilsu manna, Viðreisnarsjóður Evrópu hvattur til að beina fjármagni til staða þar sem það skapaði atvinnu og einkafyrirtæki og stjórnvöld hvött til að vinna saman að atvinnuuppbyggingu.

Tvær samþykktir þingsins lúta að misnotkun eiturlyfja: Tillaga nr. 989, um baráttu gegn misnotkun eiturlyfja, sölu þeirra og dreifingu, og fyrirmæli nr. 423, um skipulagningu á yfirheyrslum vegna baráttunnar gegn misnotkun eiturlyfja og dreifingu og sölu þeirra. Franski sósíalistinn Claude Wilquin hafði framsögu um málið á haustfundi fyrir hönd heilbrigðis- og félagsmálanefndarinnar. Lýsti hann áhyggjum sínum af stöðu þessara mála en eiturlyfjaneysla vex sífellt og neytendur eru oft aðeins 13—16 ára. Björn Kórlof, sænskur íhaldsflokkspingmaður, reifaði málið fyrir laganefndina og lagði til að komið yrði á alþjóðlegu refsiréttarkerfi fyrir eiturlyfjamisnotkun. Robert Antretter, þýskur jafnaðar- maður, talaði í nafni menningarmálanefndarinnar og lýsti áhyggjum sínum af þeim áhrifum

sem upplýsingastarfsemi hefði á neyslu eiturlyfja þar sem þær gætu vakið forvitni ungmenna. Ofangreind tillaga var samþykkt samhljóða og hvatt til samræmdra aðgerða allra aðildarríkja á öllum sviðum, sem málið snerta, til þess að vinna bug á þeim vágasti sem eiturlyfin eru í nútímaþjóðfélagi.

8. Menningar- og menntamál.

Á þessu sviði bar hæst ár tónlistarinnar 1985 en undirbúningur þess undir stjórn Tomasar Alexandersson hafði staðið í tvö ár. Á janúarfundi bar það til tíðinda að í stað hefðbundinnar dagskrár í byrjun fundar var leikinn fiðlukonsert eftir Bach og síðan hófust umræður um tónlistarárið. Tónlistarár Evrópu er haldið í tilefni 300 ára afmæla Bachs, Händels og Scarlattis. Í tillögu nr. 1001, um ár tónlistarinnar í Evrópu, er m. a. hvatt til þess að gætt verði að því að varðveita tónlistararfinn í Evrópu og að hlúð verði að ungu tónlistarfólki. Jafnframt var samþykkt ályktun nr. 834 um sama efni.

Þá voru málefni UNESCO rædd á haustfundi. Eftir almennar umræður um vanda UNESCO tók framkvæmdastjóri UNESCO, Amadou-Mahtar M'Bow til máls og svaraði gagnrýninni. Kvað hann ekki vera við framkvæmdastjórnann að sakast um vanda stofnunarinnar heldur við aðildarríkin. Það væru þau sem ákvæðu verkefnin, reglurnar og fjármagnid en stofnunin sjálf hefði enga hugmyndafræði og stæði hvorki gegn prentfrelsi né öðru sem hún er sökuð um að standa gegn.

Samþykkt var tillaga nr. 995, um menningarsamvinnu í Evrópu. Íþróttamál voru rædd þegar samþykkt var tillaga nr. 993, um samskipti Evrópuríkja á sviði íþróttá, í framhaldi af fundi íþróttamálaráðherra sem haldinn var á Möltu 15. og 16. maí 1984. Í greinargerð, sem menningar- og menntamálanefndin stóð að um málið, var lýst áhyggjum nefndarmanna vegna þeirrar þróunar að stjórn málaafskipti færu sívaxandi í sambandi við keppni í íþróttum milli landa sem og auglýsingaskrums í kringum íþróttaiðkanir.

9. Löggjafarmálefni.

Hafréttarmálefni voru rædd á vorkundi 36. þingsins, og var þá samþykkt tillaga nr. 983, um ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um hafréttarmál. Haase hafði framsögu um skýrslu laganevndar um þetta mál en hann fjallaði um ráðstefnu evrópskra þinga í Palermo 2.—4. nóvember 1983 sem haldin var til að kynna hafréttarsáttmála Sameinuðu þjóðanna. Á ráðstefnunni var hafréttarsáttmálinn ræddur efnislega og menn huguðu að afleiðingum hans, og einstökum atriðum eins og lögsögu ýmiss konar á hafinu, skipaferðum, menningarverðmætum á hafi úti, fiskveiðum, vörnum gegn mengun sjávar, tæknivæðingu þriðja heimsins og námugrefti á hafsbotni og könnuð voru deilumál milli iðnríkja og þróunarríkja og innbyrðis milli aðildarríkja Evrópuráðsins á þessu sviði. Tólf Evrópuráðsríki höfðu þá undirritað sáttmálann en Belgía, Luxemborg, V-Þýskaland, Liechtenstein, Ítalía, Sviss, Spánn, Tyrkland og Bretland höfðu ekki undirritað hann. Vakin var athygli á því að síðustu forvöð til undirritunar voru í árslok 1984.

Framsögumaður viðurkenndi að nokkur atriði væru athugaverð við sáttmálann en engu síður teldi hann engan annan kost betri á þessu sviði en sáttmálann. Fjögur atriði setti hann á oddinn: Meiri samvinnu Evrópuráðsríkja á sviði rannsókna á sjávarlífi. Athuga bæri hugsanlegar afleiðingar þess að Evrópuráðsríkin, sem ekki hafa enn undirritað sáttmálann, hyggest ekki undirrita hann, einkanlega að því er varðar samskipti við þriðja heiminn. Þá taldi hann rétt að rannsakað yrði hvort lög einstakra þjóða og tvíhliða samningar varðandi námugreft á hafsbotni gætu komið í stað ákvæða sáttmálans. Loks vakti hann athygli á staðhæfingum undirbúningsnefndar um alþjóðayfirráð yfir hafsbotninum og taldi mega draga niðurstöður af þeim.

Sir John Osborn, íhaldsflokksþingmaður frá Bretlandi, hafði framsögu um málið fyrir efnahagsnefndina. Hann taldi yfirbyggingu sem sáttmálinn gerði ráð fyrir á sviði námu-

graftar vera mjög mikinn ókost og m. a. þess vegna gæti Bretland ekki sætt sig við hann. Taldi hann að hinir jákvæðu þættir sáttmálans mundu verða virtir sem þjóðarréttur á grundvelli hefðar. Í skýrslu menningar- og menntamálanefndarinnar um málið var lögð áhersla á að þau menningarverðmæti, sem geta verið í skipum á hafsbotni, verði rækilega varin með ákvæðum sáttmálans. Þeir þættir sáttmálans, sem mestri gagnrýni sættu, voru greinilega þeir sem lutu að nýju efnahagskerfi í heiminum, tæknivæðingu þriðja heimsins (technology transfer), ákvæði um sameign mannkyns og ýmis ákvæði sem talin voru letjandi fyrir framkvæmdir á hafinu. Haase sagði í lokaorðum að 95% af olíulindum heims og 85% af fiskimiðum væru innan marka efnahagslögsögu ríkja. Hvatti hann vestræn ríki til að undirrita sáttmálann og taka sæti í hafsbotnsnefndinni þar sem ella yrðu Sovétríkin og bandamenn þeirra allsráðandi þar og enn fremur að eftir að 60 ríki hafa undirritað sáttmálann verður óvissa um gildi fyrri lagavenja á þessu sviði. Landbúnaðarnefndin lagði einnig fram skýrslu um málið og breytingartillögu en á hennar vegum starfar undirnefnd um fiskveiðimál sem Kjartan Jóhannsson þingmaður á jafnframt sæti í. Voru skýrslan og tillagan unnin undir forystu Kjartans í nefndinni en hann hafði áður verið valinn talsmaður nefndarinnar í málinu. Hann var ekki viðstaddur á vörfundi en Spies von Büllenheim, þingmaður kristilegra demókrata frá V-Þýskalandi, hafði framsögu um málið í hans stað. Breytingartillagan varðar yfirstjórn strandríkja á fiskveiðum innan efnahagslögsögu sinnar sem leiða mun til minnkandi samkeppni um takmarkaðan fiskafla, en á hinn bóginn megi koma í veg fyrir mikil efnahagsáhrif á þau ríki sem venju samkvæmt hafa um langt skeið sótt fisk sinn á sömu mið með því að þau geta gert tvíhliða samninga við strandríkið um fiskveiðar.

Tillaga nr. 1005, um öryggismálaráðstefnuna Evrópu og mannréttindi, eru drög að Evrópuráðssamningi. Var málið rætt á janúarfundi og hafði franskur þingmaðurinn Jean-Marie Caro framsögu fyrir laganeftundina. Ástæðuna að baki tillögunni kvað hann hinn mikla mun á framkvæmd mannréttinda og ákvæðum sem ríkin hefðu skuldbundist en meðal þess sem fram kemur í tillögunni er rétturinn til að nýta ákvæði mannréttinda fyrir dómstólum í eigin landi og gagnvart stjórnvöldum. Þá var tillaga nr. 986, um alþjóðastofnun um mannréttindi, samþykkt.

Á haustfundi var rætt um horfið fólk og samþykkt ályktun um það. Vakinn var athygli á því að á tíma herforingjastjórnarinnar í Argentínu hefðu 30 þúsund manns horfið þar. Vakinn var athygli á því að hér er um margfalt mannréttindabrot að ræða bæði gegn þeim sem hverfur og fjölskyldu hans. Aðildarríki Evrópuráðsins eru hvött til þess að styðja yfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna þess efnis að hér sé um glæp gegn mannkyni að ræða og þeir sem bera ábyrgð á slíku séu ekki pólitískir glæpamenn og framsalsákvæði laga og náðun komi ekki til greina.

10. Vísinda-, tækni- og umhverfismál.

Óvenjumörg mál voru til umræðu og samþykkt á þessu sviði. Tillaga nr. 997, um umhverfis- og atvinnumál, var samþykkt, einnig tillaga nr. 817, um umhverfisverndar-samtök í Evrópu, og fyrirmæli nr. 422, um samvinnu á sviði tækni og vísinda milli Vesturvelda og austantjaldslanda, enn fremur ályktun 827, um samvinnu Vesturvelda og austantjaldsríkja á sviði tækni og vísinda. Í tillögu nr. 1006 er fjallað um loftmengun og súrt regn með þeim afleiðingum sem það hefur á eyðingu skóga.

Tillaga nr. 999 fjallar um þróunarátælanir og umhverfisvernd á strandsvæðum Evrópu og jafnframt um tengsl umhverfisverndar og atvinnuuppbyggingar.

Sveitarstjórna- og skipulagsnefndin stóð að tillögunni og hafði spænski sósíalílistinn Juan Ramon Pajares framsögu um málið. Vitnaði hann í niðurstöður ráðherra fundar um málið 1983. Hvatt er í tillögunni til meiri afskipta stjórnmalamanna af skipulagningu strandsvæða þannig að umhverfisþáttum sé veittur meiri forgangur en títt hefur verið fram að þessu. Ríkisstjórnir eru hvattar til samvinnu á þessu sviði og til þess að takmarka víðar ferðalög.

Tillaga nr. 1003, um mengun sjávar og fiskveiðar, var samþykkt. Í umræðum á janúarfundi um málið kom fram að mengun hefur vissulega áhrif á fiskveiðar en einnig margt annað í sjónum. Nauðsynlegt væri að taka tillit bæði til hagsmuna iðnfyrirtækja og umhverfisverndarsjónarmiða. En áhrif olíumengunar, geislavirks úrgangs og þungmálma væru enn ekki rannsökuð til fullnustu. Hið ríkjandi sjónarmið ætti að vera að sá er skaða veldur beri kostnaðinn.

11. Landbúnaðarmál.

Ein tillaga og þrjár ályktanir voru samþykktar undir þessum lið. Tillaga nr. 1002, um landbúnað á eyjum og vanda landbúnaðar á smáeyjum, var samþykkt, en í henni kemur einkum fram ósk um að veita eyjabændum ókeypis ferjuþjónustu, svipað og aðrir fara ókeypis yfir brýr. Þá er hvatt til þess að eyjabændur hafi sérstaka hliðsjón af því að rækta dýrmæta framleiðslu sem auðvelt er að flytja langan veg.

Ályktanir nr. 818, um ritvinnslu og tölvutækni í landbúnaði, og nr. 833, um áhrif stækkunar bandalagsins á landbúnað, voru samþykktar. Loks var samþykkt ályktun nr. 825, um langtímaáætlun á veiðum fisktegunda sem eru í hættu. Sú tillaga var borin fram af Kjartani Jóhannssyni fyrir hönd landbúnaðarnefndar en hann hafði jafnframt unnið ítarlega skýrslu um málið. Í skýrslunni er varað við niðurgreiðslum og styrkjum í sjávarútvegi, svo og hættunni á offjárferstu og ofveiðum. Í tillögunni er m. a. skorað á aðildarlöndin að fylgja hagkvæmnisjónarmiðum við fiskveiðistjórn þannig að fiskveiðarnar séu stundaðar á heilbrigðum grunni efnahagslega séð. OECD bauð síðan Kjartani að gera grein fyrir þessari skýrslu á fundi fiskveiðinefndar OECD og gerði hann það hinn 17. sept. 1984.

Í desember s. l. fól landbúnaðarnefndin Kjartani að gera skýrslu um laxveiðar í sjó.

12. Yfirlit um ákvarðanir þingsins.

36. þings Evrópuráðsins (maí 1984 — janúar 1985).

Álitsgerðir:

118: um samþykktir 18. fundar sveitarstjórna- og skipulagsnefndar, Strassborg, 18.—20. október 1983,

119: um fjárlög þings Evrópuráðsins 1982, 1984 og 1985.

120: um úthlutun til framkvæmdaáætlunar þingsins árið 1985.

Tillögur:

979 um framtíð heilsugæslukerfis,

980 um málefni 3. ráðstefnu atvinnuáráðherra Evrópu og skipulagningu ráðstefnunnar,

981 um atvinnumál í Evrópu,

982 um að verja lýðræðið gegn hryðjuverkum í Evrópu,

983 um ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um hafréttarmál,

984 um að veita flóttamönnum ríkisborgararétt í því landi sem þeir flýja til,

985 um útvegum og nýtingu blóðs og blóðplasma,

986 um alþjóðastofnun um mannréttindi,

987 um ferðir píligríma um Evrópu,

988 um samskipti austurs og vesturs (almennt um stefnumál Evrópuráðsins),

989 um baráttu gegn misnotkun eiturfífa, sölu þeirra og dreifingu,

990 um ólöglega landflutninga í Evrópu,

991 um samskipti Evrópu og Suður-Ameríku á efnahagsviðinu,

992 um ráðstefnuna sem haldin var í Lissabon 9.—11. apríl 1984 og fjallaði um hlutverk Evrópu í samskiptum iðnríkja og þróunarlanda,

- 993 um samskipti Evrópuríkja á sviði íþróttá,
- 994 um framtíð samstarfs í Evrópu,
- 995 um menningarsamvinnu í Evrópu,
- 996 um starfsemi Evrópuráðsins á sviði fjölmiðlunar,
- 997 um umhverfis- og atvinnumál,
- 998 um starf Viðreisnarsjóðs Evrópuráðsins í þágu flóttamanna og á sviði mannfjölgunarvanda,
- 999 um þróunaráætlanir og umhverfisvernd á strandsvæðum Evrópu,
- 1000 um embættismenn við samstarfsstofnanir Evrópuríkja,
- 1001 um ár tónlistarinnar í Evrópu,
- 1002 um landbúnað á eyjum og vanda landbúnaðar á smáeyjum,
- 1003 um mengun sjávar og fiskveiðar,
- 1004 um framtíð samvinnu í Evrópu,
- 1005 um öryggismálaráðstefnuna í Evrópu og mannréttindi,
- 1006 um aðgerðir til að leysa vanda sem leiðir af loftmengun.

Ályktanir:

- 816 um ástandið á Kýpur,
- 817 um umhverfisverndarsamtök í Evrópu,
- 818 um ritvinnslu og tölvutækni í landbúnaði,
- 819 um breytingartillögur og munnlegar breytingartillögur (3. regla í þingsköpum þings Evrópuráðsins),
- 820 um samskipti þjóðþinga við fjölmiðla,
- 821 um Fríverslunarsamtökin og störf þeirra frá því í júlí 1981 þangað til í desember 1983,
- 822 um ástandið í Tyrklandi,
- 823 um störf alþjóða rauða krossins (ICRC),
- 824 um Argentínumenn sem flúðu land sitt en hafa snúið þangað aftur,
- 825 um langtímastjórn á veiðum á fisktegundum sem eru í hættu,
- 826 um samskipti austurs og vesturs,
- 827 um samvinnu Vesturvelda og austantjaldsríkja á sviði tækni og vísinda,
- 828 um fólk sem látið er hverfa (m. a. í Suður-Ameríku),
- 829 um svar við 23. skýrslu um störf milliríkjanevndar um farandverkamenn/flóttamenn,
- 830 um minnihlutahópa í Rúmeníu,
- 831 um störf Menningarmálastofnunar S.þ. (UNESCO) og samvinnu hennar og Evrópuráðsins,
- 832 um samvinnu á sviði vísindamála í Evrópu (skýrsla 1. ráðstefnu ráðherra Evrópu sem fara með vísindamál),
- 833 um Spán, Portúgal og Evrópubandalagið — áhrif stækkunar bandalagsins á landbúnaðarmál,
- 834 um tónlistarár Evrópu,
- 835 um ástandið í Suður-Ameríku,
- 836 um samskipti Evrópu og Norður-Ameríku (almenn stefna Evrópuráðsins),
- 837 um svar við skýrslu um störf OECD 1983 (Efnahags- og framfarastofnunar Evrópu),
- 838 um hungursneyðina í Afríku.

Fyrirmæli:

- 422 um samvinnu á sviði tækni og vísinda milli Vesturvelda og austantjaldslanda,
- 423 um skipulagningu á yfirheyrslum vegna baráttunnar gegn misnotkun eiturlyfja og dreifingu og sölu þeirra,
- 424 um stöðu minnihlutahópa í Rúmeníu.